

MTM 2020 í Reykjavík

Um leið og ég heyrði að það yrði fjölþjóðlegur LC fundur hér á Íslandi 2020 ákvað ég að ég myndi fara. Við í LC-14 vorum svo nýr klúbbur þegar AGM-ið var á Akureyri að við vissum eiginlega varla ennþá um hvað þetta snerist alltsaman. Ég hef ekki komist erlendis á LC fund en alltaf fengið spennufiðring í magann þegar verið er að sýna frá þeim á fulltrúaráðsfundum.

Þegar nær dró fundinum kom í ljós að ég myndi fara ein úr mínum klúbbi, þá voru góð ráð dýr, átti ég að hætta við eða láta slag standa? Að fara „ein“ á svona fund er töluvert utan þægindarammans fyrir mig. Auðvitað vissi ég að ég myndi hitta fullt af stelpum sem ég kannaðist við, en samt hræddi þetta mig töluvert. Sem betur fer sló ég til, heyrði í LC-10 stelpunum sem eru móðurklúbbur okkar og fékk að gista með þeim í íbúð. Aftur fór ég því töluvert út fyrir þægindarammann, við það að biðja um að fá að troða mér í hópinn þeirra. En auðvitað tóku þessar elskur mér eins og ég væri ein af þeim og áttum við frábæra helgi saman.

Ég flaug suður á fimmtudagskvöld og gisti hjá múttu gömlu þá nótt, þurfti að vinna aðeins á föstudagsmorgun en allar stöðufærslurnar á facebook gerðu það erfitt. Af hverju í ósköpunum hafði ég ekki bara skráð mig í ferðina í Bláa Lónið, tekið þetta alla leið, geggjað veður og greinilega mikil stemning (jæja, ég man það bara næst).

Seinnipartinn fengum við svo íbúðina afhenta og LC-10 skvísurnar voru mættar í íbúðina rétt á undan mér. Við settumst aðeins niður að spjalla og fórum svo að koma okkur fyrir og gera okkur klárar fyrir partýin. Engin okkar var að fara í sama heimapartýið og aðeins ein okkar hafði farið í svona LC-heimapartý áður. Við hinar vorum í senn ofur-spenntar og líka pínu kvíðnar. Hvernig yrði þetta, myndum við ná að tengjast stelpunum í partýinu og detta inn í spjall, yrði einhver dagskrá eða, eða, eða?

Rétt fyrir kl 18 hoppuðum við uppí bíl og brunuðum uppá Hótel Nordica þar sem rúturnar biðu og lobbýið var fullt af konum. Þrír partý hópar fóru í hverja rútu og var minn hópur fyrstur til að yfirgefa rútna. 16 konur frá Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Eistlandi og Bandaríkjunum ruddust inn í fallegu íbúðina hennar Tinnu, allar æstar og spenntar og tilbúnar til að skemmta sér saman þessa kvöldstund. Kvöldið var í einu orði sagt: magnað. Við duttum strax í tvo hópa og byrjuðum að spjalla á fullu. Danskur innkaupastjóri, sænskur tannlæknir, finnskur bjórbóndi, íslenskur viðskiptafræðingur og íslenskur líffræðingur byrjuðu spjallið en svo færðust konur á milli hópa og spjölluðu út í eitt. Við bárum saman bækur um



eftirminnilegustu fundina okkar, fyrirkomulag funda milli landa o.fl. o.fl. Við fengum mjög góðar veitingar og undir lokin settumst við allar í stóran hring og fórum t.d. í leikinn „never have I ever...“ og út frá því spunnust ansi fjörlegar samræður. Í stuttu máli sagt þá flaug kvöldið áfram og alltof snemma kom rútan að sækja okkur. Sumar fóru niður í bæ en þar sem ég var ansi þreytt eftir mikla veikindaviku á heimilinu ákvað ég að safna orku fyrir laugardaginn og fór niður í íbúð. Þar þurftum svo við auðvitað að spjalla heilan helling og deila sögum og upplifunum um partýin okkar sem voru greinilega öll einstaklega vel heppnuð, og eins ólík og þau voru mörg.

Á laugardagsmorguninn héldu svo ferskustu skvísurnar á fund, einhverjar voru ansi lengi á djamminu og áttu þínu erfitt með að vakna. Fundurinn var virkilega fróðlegur og hlakka ég til að koma með punkta af honum inn á fund hjá mínum klúbbi. Mjög gaman var að sjá í reynd hvernig LC virkar á heimsvísu og sjá hvernig starfið er í öðrum löndum, að ég tali ekki um öðrum heimsálfum eins og t.d. Asíu. Mér finnst góðgerðahlutinn magnaður og ótrúlegir hlutir sem samtökin ná að gera í þeim málum. Já og það er sko engin lygi að innan LC séum við allar vinkonur, vináttan sem birtist á þessum viðburði var einstök. Mér leið eins og við hefðum allar þekkt, alltaf. Að hitta stelpurnar úr partýinu kvöldið áður var nánast eins og að hitta vinkonu til margra ára. Eftir unaðslegan hádegisverð var skroppið upp í íbúð í smá slökun fyrir kvöldið.



Andrúmsloftið í íbúðinni fyrir Gala kvöldið var allt annað en kvöldið áður. Nú var aðeins spenna og stemning í hópnum, engin arða af kvíða. Allar hlökkuðum við til að hitta fleiri frábærar konur. Í forsalnum þar sem framreiddir voru dýrindis forréttir var mikið spjallað og hlegið. Þegar komið var inn í salinn ákváðum við íslensku stelpurnar við borðið að setjast ekki hlið við hlið heldur hafa 1-2 sæti á milli okkar svo við myndum mingla meira við þær erlendu. Þvílíkt kvöld, enn fleiri áhugaverðar konur, að gera frábæra hluti í lífi og starfi. Auðvitað átti maður mismikið sameiginlegt með þeim en



allar voru þær yndislegar. Já þetta var skemmtilegt og fróðlegt kvöld með frábærum félagsskap, að ekki sé talað um sjúklega góðan mat og stórkostleg skemmtiatriði. Konurnar við borðið mitt áttu ekki til orð yfir öllum góða matnum á Íslandi og dýrkuðu Margréti Erlu veislustjóra. Já og svo dönsuðu konur bara af sér skóna fram á rauða nótt, í orðsins fyllstu merkingu. Þetta kvöld var eins gott og þau gerast best.

Það var brosandi stelpa sem fór að sofa þetta kvöld og hún var enn brosandi daginn eftir þegar hún steig upp í flugvélinu austur. Brosandi var hún enn og farin að skipuleggja næstu fundi þegar hún steig upp í bílinn hjá ástmanni sínum á Egilsstöðum. Hann er líklega að fara til Indlands í 50 ára afmælisferð 2022 (og strax orðinn spenntur), hún er að velta fyrir sér hvort Finnland í ágúst eða Danmörk á næsta ári verði fyrir valinu eða kannski bara bæði...

Já, ég smitaðist af „vírusnum“, LC ferðavírusnum. Nú þarf ég bara að smita systur mínar í LC-14 og fá þær til að koma með mér á einhvern þessara funda og fara að safna í ferðasjóð. Því ég mun snúa aftur. Já og ég fer aldrei aftur „ein“ á fund, því í LC ertu aldrei ein.

Elsku systur í LC-3, takk fyrir frábæra skipulagningu og fullkominn viðburð, allt var algjörlega eins og best verður á kosið (að ég tali nú ekki um góðu samböndin ykkar við veðurguðlina).

Hlakka til að hitta ykkur allar á næsta fundi.

Eik Elfarsdóttir, formaður LC-14 Fjarðabyggð.

Ps. Já ég skemmti mér svo vel að ég steingleymdi eiginlega að taka myndir, en minningarnar lifa í hjartanu það sem eftir er ☺